



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Selfossi, 7. október 2021
2109103HS SG


Efni: Borgarbraut - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu

Þann 28. september sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir Borgarbraut í Þykkvabæ í Rangárþingi ytra.

Um er að ræða um 1,5 ha úr landi Borgar og Eyrartúns II og er skilgreint sem íbúabyggð. Á lóðinni er íbúðarhús og gestahús en eigendur hafa óskað eftir að breyta lóðinni í verslun og þjónustu með það fyrir augum að vera með sölu gistingar. Lóðin er nyrst í íbúabyggðinni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir engar athugasemdir.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri